

Ed.

658. Frumvarp til laga

[204. mál]

um Ljósmeðraskóla Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed., 13. apríl.)

Samhljóða þskj. 366 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

Ráðherra skipar fimm manna skólanefnd. Einn skal skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Hinir fjórir skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu: stjórnarnefndar ríkisspítalanna, Ljósmeðrafélags Íslands, Hjúkrunarfélags Íslands og nemenda skólans.

Skipunartími skólanefndar skal vera fjögur ár, nema fulltrúa nemenda, sem skal skipa til eins árs í senn.

Skólanefnd skal vera skólastjóra til ráðuneytis um stjórn og rekstur skólans.

4. gr. hljóðar svo:

Ráðherra skipar skólastjóra og skal hann vera ljósmóðir með hjúkrunarfræðimenntun.

7. gr. hljóðar svo:

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi og starfslið skólans að fengnum tillögum skólanefndar.